

AUGLÝSING

um afgreiðslu skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Urðarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 23. júní 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 8. tl. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – athafnasvæði fyrir lóðina nr. 10 við Urðarhvarf. í breytingunni felst aukning byggingarmagns neðanjarðar um 1.100 m², heildaraukning byggingarmagns á lóðinni hækkar úr 6.600 m² í 7.700 m². Einnig er sótt um breytingu á fyrirkomulagi kjallara þar sem byggingarreit er snúið (90° úr austur vestur í norður suður) og vegna landhalla verður bílakjallari á tveimur hæðum, hvor með sér innkeyrslu. Nýtingarhlutfall fer úr 1,1 í 1,31 en nýtingarhlutfall ofanjarðar verður áfram 0,74.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 22. ágúst 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. september 2025